

Alþingi
Erindi nr. P 133/347
komudagur DAGSETNING *27.11.2006* TILVÍSUN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2006 2006110169
T-ums 9/06


Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 22. mál, vaxtabætur.


Með bréfi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu 8. nóvember 2006, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp á þingskjali 22, til breytinga á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Í frumvarpinu er lögð til sérstök endurákvörðun vaxtabóta á yfirstandandi ári vegna vaxtagjalda ársins 2005. Samkvæmt frumvarpinu er skattstjórum ætlað að hafa lokið því verki eigi síðar en 1. desember n.k. Ríkisskattstjóri hefur þegar hafist handa við undirbúning umræddrar endurákvörðunar, svo bregðast megi skjótt við verði frumvarpið að lögum. Einsýnt er að verktími verður að lágmarki þrjár vikur frá lögfestingu. Dagsetningin 1. desember er því óraunhæf.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að veita umsögn þessa.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Bjarni Arnóy Lárusson


Sigurjón Högnason